



Himnaríki er fyrir alla þá sem í einlægni hafa tekið trú á Jesú Krist, jafnt fyrir stráka sem stelpur, og fullorðna líka. Jesús tekur þeim með opnum örmum.



19

Á himnum er merkileg bók sem kallast lífs bók lambsins. Hún er full af mannanöfnum. Veist þú hvaða nöfn eru í þessari bók? Nöfn allra þeirra sem í hjarta sínu trúa á Jesú. Er þitt nafn í þessari bók?



20

Rétt í lok biblíunnar er að finna þetta fallega boð: "Andinn og brúðurin segja: Komdu! Og lát þann sem heyrir segja: Komdu! Og lát alla koma sem þyrstir eru. Og hver sem vill fær lífsvatnið ókeypis."



21


Heimili Guðs á himnum

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,  
er að finna í

Jóhannesarguðspj. 14, 1 Korintu. 5,  
Jesaja 11, 65, Opínb. 4, 21, 22

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."  
Sálmarnir 119:130

# Heimili Guðs á himnum



Höfundur Edward Hughes  
Myndskreytingar Lazarus

Þýðandi Þráinn Kristjánsson  
Aðlagð af Sarah S.

Saga 60 af 60

**M1914.org**

**Bible for Children, PO Box 3, Winnipeg MB R3C 2G1 Canada**

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu, en ekki selja.

**Guð veit** að við höfum öll gert rangt af okkur, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði.

**Guð elskar okkur** svo mikið að hann sendi son sinn, Jesú, til að deyja á krossi til að borga fyrir syndir okkar. **Jesús lifnaði á ný** og fór aftur til himnaríkis. Nú getur Guð fyrirgefið syndir okkar.

**Ef þú vilt snúa baki við syndum þínum**, segðu þá eftirfarandi til Guðs: Góði Guð, ég trúi að Jesús hafi dáið fyrir mig, og komið svo aftur til lífs. Ég bið þig nú að koma inni líf mitt og fyrirgefa syndir mínar, svo ég geti öðlast nýtt líf og verið með þér alla eilífð. Hjálpaðu mér að lifa fyrir þig sem Guðs barn. Amen

**Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum deg!**

Íslenska

Icelandic

Jesús sagði lærisveinum sínum frá himneskum vistarverum. Hann sagði við þá, "Í húsi föður míns eru mörg glæsileg hýbýli". Vafalaust eru vistarverurnar á himnum mun glæsilegri en við getum ímyndað okkur.



1

Jesús sagði við þá, "Ég fer til að búa ykkur stað. Og þegar allt er reiðubúið, kem ég að sækja ykkur. Síðan verðið þið alltaf hjá mér þar sem ég er."



2

Eftir að hann reis upp frá dauðum, og á meðan hann var að blessa þá, hvarf Jesús upp í skýin, og var tekinn upp til himna.




3

Það vita þeir sem kristnir eru að Jesús lofaði því að hann mundi koma til að sækja þá þegar tíminn er kominn. Jesús sagðist mundi koma skyndilega, og öllum að óvörum. En hvað um kristið fólk sem deyri áður en hann kemur?



4

Í Opinberunarbók biblíunnar segir Jóhannes okkur að það sé undursamlegt á himnum. Að best af öllu sé, á sinn sérstæða hátt, að heimili Guðs sé á himnum. Guð er allstaðar, en háseti hans er á himnum.




5

Englar og aðrar himneskar verur dýrka Guð á himnum. Svo gera allir þeir sem dáði hafa og farið hafa til himna. Þeir syngja himneska tónlist og dýrka Guð.



6

Hér eru fáein orð úr einum sálminum sem þeir syngja: VERÐUR ERT ÞÚ, ÞVÍ ÞÚ HEFUR LEYST MENN ÚR VIÐJUM TIL GUÐS MEÐ BLÓÐI ÞÍNU AF SÉRHVERRI KYNKVÍSL, ...




7

... TUNGU, LÍÐ OG ÞJÓÐ, OG GERT ÞÁ AÐ KONUNGUM OG PRESTUM GUÐI TIL HANDA. (Opinb.5:9-10)




8

Í lok biblíunnar er himnaríki lýst sem "Nýju Jerúsalem", mikilli og stórrri borg með háum vegg allt í kring.




9

Veggurinn er gerður úr kristalglærum jaspissteini og undirstöðusteinarnir útveggjarins eru þakir litríkum og dýrmætum gimsteinum og eðalsteinum. Hvert borgarhlíð er byggt úr einstakri, stórrri perlu!




10

Perluhlíðum himnaríkis er aldrei lokað. Þau eru alltaf opin. Við skulum nú fara og kíkja inn... ÖTRÚLEGT! Þvílík feegurð! Stræti borgarinnar eru úr skíragulli, tæru sem glampandi gleri.




11

Svo sáum við á lífsvatnsins. Áin er tær eins og kristall. Hún rennur frá háseti Guðs og lambisins. Beggja vegna árinna er hið sérstæða lífsins tré, sem á hverjum mánuði ber tólf mismunandi tegundir ávaxta. Og lauf þessa merkilega trés eru notuð til lækningar þjóðunum.



12

Á himnum er hvorki þörf fyrir sólskin né lampaljós. Guð sjálfur er ljós himnaríkis. Ljós hans skín viðstöðulaust. Á himnum er aldrei nótt.



13

Dýrin á himnum haga sér öðruvísi en jarðardýr. Á himnum eru öll dýr spök og vingarnleg. Úlfar og lömb bíta gras hlíð við hlíð. Ljón og naut éta saman hey. "Hvergi á mínu heilaga fjalli munu þau gera mein, né valda nokkrum skaða." segir Drottinn.



14

Er við gáum betur að, kemur í ljós að fleira er öðruvísi á himnum. Ekki bærast nokkurs staðar á eigingirni eða slagsmálum,



og hvergi heyrast skammaryrði.

15

Hurðalæsingar þekkjast ekki og ekki heldur þjófar. Lygarar, morðingjar, galdramenn og önnur slík ómennni, er hvergi að finna. Synd þekjist ekki á himnum.




16

Á himnum eru sorgartár ekki til. Algengt er að kristið fólk, sem aðrir jarðarbúar, gráti af sorgum sínum. En þegar hinir trúðu eru komnir til himna, þerrar Guð tár þeirra.



17

Á himnum hafa allir eilíft líf og munu ríkja með Guði að eilífu. Sorg, sársauka og grát er hvergi að finna á himnum. Ekki heldur veikindi, skilnað eða jarðarfarir. Sælir eru þeir sem búa á himnum, því þeir munu að eilífu vera hjá Guði.



18